



1. mars 2021

Lífeyrissparnaður nam um 6.050 milljörðum króna 31. desember 2020

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar og sundurliðun þeirra miðað við árslok 2020 ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2017. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36. gr. a. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má nálgast þær á vef Seðlabankans.

Hér að neðan er að finna samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á árinu 2020. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram.

Lífeyrissparnaðar landsmanna jókst um 773 ma.kr. á árinu 2020, þrátt fyrir erfiðleika og óvissu á fjármálamörkuðum vegna heimsfaraldurs COVID-19. Við árslok sýndu bráðbirgðatölur heildareigna lífeyrissparnaðarins rúmlega 6.000 ma.kr. sem jafngildir tvöfaldri landsframleiðslu (VLF) ársins 2020¹. Eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu 5.119 ma.kr. við árslok og séreignarsparnaður á þeirra vegum nam 595 ma.kr. Eignir hjá innlendum vörsluaðilum séreignarsparnaðar námu 247 ma.kr. og áætlað er að um 100 ma.kr. séu hjá erlendum aðilum er bjóða séreignarsparnað í sérsniðnum lífeyristryggingum.

Helstu breytingar í eignaflokkum á árinu eru þær að eignir í erlendum gjaldmiðlum jukust um 426 ma.kr. eða um 25% sem nemur rúmlega helmingi aukningar lífeyrissparnaðarins á árinu. Hlutdeild erlendra gjaldmiðla, í eignasöfnum samtryggingar og séreignar, var rúmlega 35% eða um 2.103 ma.kr. við árslok 2020.

Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu við árslok 2020 um 5.119 ma.kr. og hækkuðu um 673 ma.kr. á árinu sem jafngildir 15% aukningu. Helstu

¹ Áætluð verg landsframleiðsla er 2.941 ma.kr. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/thjodhagsreikningar-2020-aaetlun/>

breytingar á eignaflokkum á liðnu ári eru þær að eignir í hlutdeildarskírteinum UCITS-sjóða² hækkuðu um 325 ma.kr. eða um nærri 32% og var álíka hækkun í eignaflokknum hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða. Eignir þessara sjóða eru að mestu í erlendum verðbréfum. Sértryggð skuldabréf í eignasöfnum sjóðanna jukust um 24% eða 46 ma.kr. Eignir í hlutabréfum og skuldabréfum félaga jukust annarsvegar um 19% og hinsvegar um 17% eða samtals um 135 ma.kr. Uppgreiðsla sjóðfélagalána var mikil á liðnu ári sem leiddi til lækkunar á eignaflokknum fasteignaveðtryggð skuldabréf eða um nærri 5 ma.kr. Hlutdeild ríkisvixla og skuldabréfa heldur áfram að minnka í eignasöfnum sjóðanna og lækkuðu þær eignir lítilsháttar á liðnu ári.

Eignir samtryggingardeilda í erlendum gjaldmiðlum, við lok annars ársfjórðungs, voru um 1.892 ma.kr. og nam aukningin 382 ma.kr. á liðnu ári. Hlutdeild erlendra gjaldmiðla nam 37% af heildareignum samtryggingardeilda og hefur hlutfallið ekki verið hærra.

Í töflu 1 koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á þriðja ársfjórðungi.

Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna

Samtrygging	Fjárhæðir í þúsundum kr	31.12.2019	31.12.2020	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.)		1.005.454.427	1.000.884.542	- 4.569.885	0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)		542.565.696	538.008.521	- 4.557.175	-1%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.)		167.739.689	189.930.732	22.191.043	13%
Innlán (B.b.)		125.589.185	143.267.672	17.678.487	14%
Sértryggð skuldabréf (B.c.)		195.763.304	242.197.325	46.434.021	24%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.)		13.390.690	14.977.234	1.586.544	12%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.)		1.003.012.200	1.328.349.385	325.337.186	32%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.)		260.133.439	304.010.331	43.876.892	17%
Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.)		77.768.161	68.768.939	- 8.999.222	-12%
Hlutabréf félaga (E.a.)		760.423.985	902.118.952	141.694.967	19%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.)		291.435.003	382.503.235	91.068.232	31%
Fasteignir (E.c.)		59.618	-	- 59.618	-100%
Afleiður (F.a.)		-	1.091.684	1.091.684	
Aðrir fjármálagæringar (F.b.)		2.769.471	2.726.867	- 42.604	-2%
Samtals		4.446.104.869	5.118.835.420	672.730.551	15%

Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila³ námu 842 ma.kr. við árslok og jukust um nærri 101 ma.kr. á liðnu ári. Vegna aukinna heimilda til úttekta séreignarsparnaðar hefur heldur dregið úr aukningu eigna á árinu 2020. Með sama hætti og hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóðanna var mest aukning eigna í hlutdeildarskírteinum UCITS-sjóða og nam sú hækkun rúmlega 41 ma.kr. eða 27%. Eignir í skuldabréfum og peningamarkaðsskjölum

² Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS)

³ Fjárhæðir frá erlendum vörsluaðilum eru ekki taldar með. Við árslok 2020 eru þær áætlaðar um 100 ma.kr.

félaga hækkuðu hlutfallslega mest á liðnu ári eða um 44% sem var hækkun um nærri 15 ma.kr. Hlutabréf félaga hækkuðu um 26% eða um 12 ma.kr.

Eignir séreignarsparnaðar í erlendum gjaldmiðlum námu nærri 211 ma.kr. við árslok eða 25% af eignum þeirra. Aukning í erlendum gjaldmiðlum nam tæplega 44 ma.kr. á liðnu ári.

Í töflu 2 koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar á þriðja ársfjórðungi.

Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar⁴

Séreign	Fjárhæðir í þúsundum I	31.12.2019	31.12.2020	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvólar og skuldabréf (A.a.)		127.279.527	136.389.070	9.109.543	7%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)		32.907.828	32.897.783	- 10.046	0%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.)		18.694.958	21.845.547	3.150.589	17%
Innlán (B.b.)		205.457.757	211.693.650	6.235.894	3%
Sértryggð skuldabréf (B.c.)		65.443.426	66.965.256	1.521.831	2%
Skuldabréf og vólar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.)		6.452.850	8.662.291	2.209.442	34%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.)		155.345.997	196.861.554	41.515.558	27%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.)		33.323.742	47.964.260	14.640.518	44%
Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.)		8.232.886	8.759.544	526.658	6%
Hlutabréf félaga (E.a.)		47.928.236	60.244.175	12.315.939	26%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.)		40.523.196	49.887.809	9.364.613	23%
Fasteignir (E.c.)		14.694	25.665	10.970	75%
Afleiður (F.a.)		-	48.475	48.475	
Aðrir fjármálagæringar (F.b.)		32.896	41.267	8.372	25%
Samtals		741.637.990	842.286.346	100.648.356	14%

⁴ Fjárfestingar erlendra vörsluaðila eru ekki í þessari töflu